

Ástarbréf Föðurins

Hróp Föðurhjarta Guðs frá 1. Mósebók til Opínberunarbókarinnar.

Barnið mitt...

Þú þekkir mig kannski ekki, en ég veit allt um þig... Sálm. 139:1-2 Ég veit hvenær þú situr og hvenær þú stendur... Sálm. 139:1 Ég gjörþekki alla vegu þína... Sálm. 139:3 Og ég hef jafnvel tölu á höfuðhárunum þínum... Matt. 10:29-31 Ég skapaði þig í minni mynd... 1. Móse. 1:27 Og í mér lifir, hrærist og ert þú... Post. 17:28 Þú ert minnar ættar... Post. 17:28 Ég þekkti þig jafnvel áður en þú varst myndaður í móðurlífi... Jer. 1:4-5 Ég valdi þig þegar ég ráðgerði sköpun heimsins... Efes. 1:11-12 Þú ert ekki mistök, því að allir dagar þínir eru skráðir í bókina mína... Sálm. 139:15-16 Ég ákvað nákvæmlega hvenær þú áttir að fæðast og hvar þú myndir búa... Post. 17:26 Þú ert undursamlega skapaður... Sálm. 139:14 Því ég óf þig í móðurlífi... Sálm. 139:13 Og hef verndað þig frá því þú fæddist... Sálm. 71:6 Mér hefur verið ranglega lýst af þeim sem ekki þekkja mig... Jóh. 8:41-44 En ég er hvorki fjarlægur eða reiður, ég er fullkominn kærleikur... 1. Jóh. 4:16 Og það er þrá mín að úthella kærleika mínum yfir þig... 1. Jóh. 3:1 Eínfaldlega vegna þess að þú ert barnið mitt og ég er faðir þinn... 1. Jóh. 3:1 Ég hef meira að gefa þér en jarðneskur faðir þinn getur nokkurn tíma boðið þér... Matt. 7:11 Því ég er hinn fullkomni faðir... Matt. 5:48 Sérhver góð gjöf kemur frá mér... Jak. 1:17 Því ég sé fyrir þér og uppfylli allar þarfir þínar... Matt. 6:31-33 Ég hef þá áætlun, að veita þér vonarríka framtíð... Jer. 29:11 Því ég elska þig með ævarandi elsku... Jer. 31:3 Hugsanir mínar til þín eru fleiri en sandkorn á sjávarströndu... Sálm. 139:17-18 Og ég fagna yfir þér með gleðisöng... Sef. 3:17 Ég mun aldrei hætta að gera þér gott... Jer. 32:40 Því þú ert dýrmæt eign mín... 2. Móse. 19:5 Af öllu hjarta gef ég þér staðfestu og stöðuglyndi... Jer. 32:41 Og ég vil opínbera þér mikla hluti og leyndardómsfulla... Jer. 33:3 Þú munt finna mig ef þú leitar mín af öllu hjarta... 3. Móse. 4:29 Gleðstu yfir mér og ég mun veita þér það sem hjarta þitt þráir... Sálm. 37:4 Því ég gaf þér þessar langanir... Fil 2:13 Ég get gert meira fyrir þig en þú getur gert þér í hugarlund... Efes. 3:20 Því ég er sá sem uppörvar þig... 2. Þess. 2:16-17 Ég er líka farðirinn sem hughreystir þig á erfiðum stundum... 2. Kor. 1:3-4 Ég er nálægur þegar þú ert niðurbrotinn... Sálm. 34:19 Og eins og hirðir ber sauði sína hef ég borið þig í faðmi mínum... Jes. 40:11 Dag einn mun ég þerra burt öll tárin þín... Opínb. 21:4 Ég mun taka burt allar þær þjáningar sem þú hefur polað á þessari jörð... Opínb. 21:4 Ég er faðir þinn og ég elska þig jafnmikið og ég elska son minn, Jesú... Jóh. 17:23 Því í Jesú opínberast ást mín til þín... Jóh. 17:26 Hann sýnir þér hver ég er... Heb. 1:3 Hann kom til að sýna þér að ég er með þér en ekki á móti þér... Róm. 8:31 Og segja þér að ég tel ekki syndir þínar... 2. Kor. 5:18-19 Jesús dó til þess að þú gætir lifað í sátt við mig... 2. Kor. 5:18-19 Dauði Hans sýnir þér fullkomlega hversu mikið ég elska þig... 1. Jóh. 4:10 Ég gaf allt til þess að ég gæti fengið ást þína... Róm. 8:31-32 Þú meðtekur mig ef þú meðtekur Jesú sem gjöf mína... 1. Jóh. 2:23 Og ekkert mun gera þig aftur viðskila við kærleika minn... Róm. 8:38-39 Komdu heim og ég mun halda stærstu veislu sem himinninn hefur séð... Lúk. 15:7 Ég hef alltaf verið faðir og mun alltaf vera faðir... Efes. 3:14-15 Spurning mín er þessi... Vilt þú vera barnið mitt?... Jóh. 1:12-13 Ég bið eftir þér... Lúk. 15:11-32

Ástarkveðjur, þinn pabbi

Almáttugur Guð

Ástarbréf föðurins er þýtt með leyfi frá Father Heart Communications Copyright 1999-2006
www.FathersLoveLetter.com